

482. fundur velferðarnefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, þriðjudaginn 12. nóvember 2024 og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Þórir Guðmundsson formaður, Gerður Ágústa Sigmundsdóttir aðalmaður, Dagný Finnbjörnsdóttir aðalmaður, Finney Raket Arnadóttir aðalmaður og Auður Helga Ólafsdóttir varamaður.

Embættismenn:

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Harpa Stefánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu.

Fundargerð ritaði: Harpa Stefánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu.

Jóhanna Gréta Hafsteinsdóttir ráðgjafi á velferðarsviði sat fundinn.

Dagskrá:

1. Endurskoðun reglna um ferliþjónustu 2024 - 2024020101

Lögð fram drög að reglum Ísafjarðarbæjar um akstursþjónustu ásamt minnisblaði deildarstjóra um breytingar á reglum um akstursþjónustu.

Velferðarnefnd leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að samþykkja nýjar reglur um akstursþjónustu.

2. Endurskoðun - Reglur um fjárhagsaðstoð í Ísafjarðarbæ. - 2024030106

Lögð fram drög að reglum Ísafjarðarbæjar um fjárhagsaðstoð. Ásamt minnisblaði um reglur um fjárhagsaðstoð.

Samþykkt að halda áfram vinnu við gerð reglna Ísafjarðarbæjar um fjárhagsaðstoð.

3. Beiðni um framlag til starfsemi Stígamóta árið 2025 - 2024110020

Lagt fram bréf til sveitarfélaganna frá Stígamótum dagsett 30. október 2024, þar sem samtökin óska eftir framlagi til starfsemi Stígamóta árið 2025.

Velferðarnefnd vísar málinu til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2025.

4. Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 - 2024100046

Á 1299. fundi bæjarráðs, þann 14. október 2024, var lagður fram til kynningar tölvupóstur Magneu Garðarsdóttir fyrir hönd Vestfjarðarstofu, dags. 9. október 2024, þar sem bent er á að drög að Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 hefur verið sett inn á samráðsgátt til umsagnar. Umsagnarfrestur er til og með 24. október 2024.

Bæjarráð vísaði málinu til umsagnar í menningarmálanefnd, umhverfis- og framkvæmdanefnd, skipulags- og mannvirkjanefnd, velferðarnefnd og skóla-,

Íþróttá- og tómstundanefnd.

Bæjarráð áréttar að Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 verður til umræðu á Fjórðungspingi Vestfirðinga 18.-19. október 2024.

Velferðarnefnd mun ekki skila álitni þar sem frestur til þess er liðinn.

5. Mál til umsagnar frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis - 2024110027

Lögð fram til kynningar tillaga til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar og hjúkrunarrýmum.

Velferðarnefnd mun ekki skila umsögn um málið.

6. Mál til umsagnar frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis - 2024110027

Lagt fram til kynningar frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Velferðarnefnd mun ekki skila umsögn um málið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:25

Þórir Guðmundsson

Gerður Ágústa Sigmundsdóttir

Dagný Finnbjörnsdóttir

Finney Rakel Árnadóttir

Auður Helga Ólafsdóttir

Margrét Geirsdóttir

Harpa Stefánsdóttir